

# Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2015

**Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 30. maí 2016.**

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps, í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS). Samningurinn var endurnýjaður á árinu og gildir frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2019 eða í fjögur ár. Þjónustusamningurinn tók við af eldri samningi sem tók gildi þann 1. september 2013 og var gerður til tveggja ára.

Markmið samstarfs RS og LB er að samnýta aðföng, auka gæðaeftirlit með skráningu í Sarp, stuðla að betri upplýsingagjöf til eigenda og notendabjónustu í gegnum nýjan vef landskerfi.is þar sem félagið er með eigin vefsíðu og hefur aðgang að þjónustuvef og verkbeiðnakerfi auk þess að auka aðgengi almennings að gögnum í Sarpi með því að gera þau aðgengileg í gegnum leitarvél, m.a. á vefnum leitir.is. Í samningnum felst að LB tekur að sér daglegan rekstur og stjórnun félagsins, samningagerð, starfsmannahald, áframhaldandi kerfisþróun og notendabjónustu. Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 2, Reykjavík.

## **Stjórnun félagsins**

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 19. maí 2015. Á fundinum var kjörið fulltrúaráð og það skipa: Anna Lísu Rúnarsdóttir og Margrét Hallgrímsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Anna María Urbancic og Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands, Gerður Róbertsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Haraldur Þór Egilsson frá Minjasafninu á Akureyri, Inga Jónsdóttir frá Listasafni Árnesinga, Margrét Valmundsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Pétur Kristjánsson frá Tækniminjasafni Austurlands.

Fulltrúaráðið kom saman að aðalfundi loknum og kaus Margrét Hallgrímsdóttur sem formann. Ráðið kaus einnig úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Í stjórn voru kjörin: Anna Lísu Rúnarsdóttir, formaður og Dagný Heiðdal, gjaldkeri og Haraldur Þór Egilsson, ritari. Varamenn voru kjörnir: Margrét Hallgrímsdóttir fyrir Önnu Lísu, Anna María Urbancic fyrir Dagnýju og Gerður Róbertsdóttir fyrir Harald.

## **Fulltrúaráð**

Fulltrúaráðið hélt tvo fundi á árinu. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Fulltrúaráðið kom fyrst saman þann 27. apríl 2015, en Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Sarps og Sigurður Trausti Traustason fagstjóri Sarps sátu einnig fundinn. Á

fundinum var fjallað um breytingar á samþykktum félagsins og tillögur vinnuhóps um breytingar á samþykktum.

Fulltrúaráð kom saman að loknum aðalfundi 19. maí og kaus formann og framkvæmdastjórn.

### **Framkvæmdastjórn**

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt 10 fundi á árinu. Á meðal þess sem þar var til umræðu var með hvaða hætti ætti að tryggja áframhaldandi viðhald og þróun kerfisins eftir ljóst varð að þekking myndi hverfa frá, sem og atriði er varða tekjuöflun félagsins til framtíðar litið, rekstrarform þess og helstu hagsmunir.

Vinnuhópur um endurskoðun á uppbygginu gjaldskrár og samþykka félagsins sem tók til starfa í byrjun árs 2015 hélt áfram vinnu sinni á árinu. Í hópnum sitja Anna Lísa Rúnarsdóttir, Anna María Urbancic, Dagný Heiðdal, Gerður Róbertsdóttir, Guðný Dóra Gestsdóttir og Harpa Þórsdóttir, en einnig starfaði Sveinbjörg Sveinsdóttir með hópnum. Hópurinn hefur skilað af sér lokatillögu um fyrirkomulag gjaldskrár og verður hún kynnt hér á fundinum í dag.

### **Starfsmannahald**

Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri LB, sinnti áfram starfi framkvæmdastjóra RS en jafnframt sinna sérfræðingar LB afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS. Samtals gegna starfsmenn LB um 60% starfshlutfalli fyrir RS. Framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri og starfsemi RS, sér um samninga við viðskiptavinum og birgja, fer með starfsmannamál félagsins og kemur fram fyrir hönd þess. Sigurður Trausti Traustason er í 100% starfi sem fagstjóri en var frá störfum frá miðju sumri af persónulegum ástæðum. Á meðan á fjarveru fagstjóra stóð sinntu starfsmenn Landskerfis bókasafna og fagstjóri skráningar hjá Þjóðminjasafni brýnustu verkefnum hans á vettvangi daglegs rekstrar Sarps og sarpur.is, notendapjónustu og kennslu, eftirliti með gæðum skráningar auk kerfisþróunar.

### **Rekstur RS**

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins og gerði áætlunin ráð fyrir að tekjur dygðu fyrir útgjöldum. Gjaldskrá félagsins vegna notendaleyfissamninga nam 28,6 milljónum króna á ársgrundvelli.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2015 námu 35,2 millj. kr. en rekstrargjöld voru 23,7 millj. kr. en voru 35,5 á árinu á undan. Megin skýringuna á þessari miklu lækkun útgjalda er einkum að finna í þeirri staðreynd að þróunar- og viðhaldsvinna sem félagið greiddi fyrir á tímabilinu varð umtalsvert minni en á árinu á undan. Önnur skýring er sú að Þjóðminjasafn Íslands greiddi félaginu fyrir vinnu við breytingar á þjóðháttaskrá en sú vinna komst aðeins að litlu leyti til framkvæmda á árinu. Í reynd má segja að þessi vinna færirist að einhverju leyti yfir á árið 2016. Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2015 er 11,4 millj. kr. Eigið fé RS í lok ársins 2015 var um 13,8 millj.kr. og hækkar frá fyrra ári sem nemur hagnaði ársins 2015.

Rekstrartekjur ársins skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga, styrki og aðrar tekjur. Tekjur vegna notendaleyfissamninga námu 28,7 milljónum króna. Styrkir voru rekstrarstyrkur

frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 3,4 milljónir króna. Aðrar tekjur voru greiðsla frá Þjóðminjasafni vegna þróunar þjóðháttaskrár.

Rekstrargjöld ársins skiptast í rekstrarkostnað kerfis 8,5 millj. kr., laun og tengd gjöld 5,7 millj. kr. og annan rekstrarkostnað 9,6 millj. kr.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2015.

### **Kerfisgerð – verklokasamningur við Þekkingu – samningur við PES ehf.**

Í skýrslu stjórnar fyrir ári síðan var sagt frá því að á árinu 2014 var tekin sú stefna að forgangsraða kerfisverkefnum með þeim hætti að ljúka leiðréttingum á kerfisvillum og villum í gögnum tengt kerfisgerðinni áður en farið yrði í að þróa nýja virkni. Þetta gekk eftir og lauk vinnunni að fullu á árinu 2015 og skilaði eigendum og notendum stöðugra og betra kerfi. Miklar breytingar urðu á rekstri Sarps á seinnihluta ársins. Fyrirtækið Þekking sem sinnt hafði þróun og viðhaldi þriðju útgáfu Sarps frá upphafi óskaði í kjölfar skipulagsbreytinga eftir því að bundinn yrði endir á samstarf félaganna hvað þróun og kerfisviðhald varðaði. Eftir að þetta hafði verið bundið fastmælum var lögð á það áhersla að ljúka ýmsum málum sem teljast máttu ókláruð varðandi kerfisgerðina. Einnig var ráðist í nokkrar breytingar á högun gagnagrunns Sarps. Málið fékk formlegan endi með undirritun verklokasamnings félaganna sem undirritaður var á sama tíma og samið var við nýjan samstarfsaðila.

Rekstrarfélagið fór í verðkönnun varðandi áframhaldandi þróun og viðhald á þriðju útgáfu Sarps og bauð þremur fyrirtækjum að skila inn tiboðum á grundvelli hennar. Eftir vandlega skoðun varð það niðurstaða stjórnar félagsins að ganga til samstarfs við fyrirtækið PES ehf. og samstarfsfélag þess AN-Lausnir en bæði félögin eru staðsett á Egilsstöðum. Þessi fyrirtæki höfðu boðið best í verðkönnuninni og reyndust uppfylla þær kröfur sem gerðar voru. Einn eigenda PES ehf. Kristján Krossdal er ekki ókunnugur Sarpi en hann sinnti viðhaldi og þróun Sarps á meðan hann var starfsmaður Þekkingar og kemur því að málinu með mikla þekkingu og reynslu sem hefur komið að góðum notum síðan. Stjórn og framkvæmdastjóri veltu því nokkuð fyrir sér hvar draga skyldi línuna varðandi áframhaldandi þróun kerfisins og ákváðu að skilyrða samninginn við PES og AN-Lausnir sem undirritaður var undir lok árs við þriðju útgáfu Sarps.

Hýsing Sarps og sarpur.is er enn í höndum Þekkingar.

### **Kerfisgerð – þróun**

Þrjú verkefni félagsins er varða áframhaldandi þróun Sarps fengu úthlutun úr Safnasjóði á árinu 2015 að samtals upphæð 4,5 milljónir króna. Þetta eru verkefni „Sarpur. Flokkun og varðveisla aðfanga“, „Sarpur - Skýrslur og úttaksmöguleikar“ og „Notendavænni Sarpur“. Vegna takmarkaðs mannafla á árinu hjá bæði félaginu og Þekkingu var ákveðið að sækja um frest á verkefnunum til ársins 2016 hjá safnaráði. Fresturinn var veittur.

### **Ytri vefur – safnaverðlaun - notkun**

Ytri vef kerfisins, sarpur.is sem opnaður var haustið 2013, hefur frá upphafi verið vel tekið. Heimsóknir á vefinn hafa aukist jafnt og þétt frá upphafi. Á árinu 2015 voru þær 70.668 en voru á árinu 2014 53.985 talsins. Alls hafa 17 sýningar verið gerðar aðgengilegar á sarpur.is. Á árinu 2014 var RS handhafi Íslensku safnaverðlaunanna fyrir ytri vef sarpur.is. Verðlaununum fylgdi peningaupphæð 1.000.000 kr. Stjórn félagsins ákvað að þessum fjármunum skyldi varið í afmörkuð verkefni sem vörðuðu endurbætur á sarpur.is. Eftir nokkra

skoðun varð niðurstaðan sú ráðstafa fjármununum annars vegar í smíði viðbótar sem hlaut heitið „Heildarsafn“, þar gefst notendum kostur á því að kalla fram í gegnum síu, lista af heildarskráningum eftir söfnum og aðfangategundum. Þessi viðbót var virkjuð á árinu 2015. Hins vegar var ákveðið að fá utanaðkomandi aðila til að framkvæma notendaprófanir á vefnum með það að markmiði að geta gert vefinn enn skýrari og notendavænni. Af óviðráðanlegum orsökum frestaðist þetta verkefni fram á fyrrihluta ársins 2016.

### **Gæði skráningar – skráningarráð Sarps**

Skráningarráð Sarps tók til starfa eftir aðalfund 2015 en ráðið var formlega sett á laggirnar á fundinum með skráningarráð Gegnis sem fyrirmynd. Kosið var í ráðið á fundinum og því sett erindisbréf. Hlutverk ráðsins er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er að ljúka við skráningarhandbók Sarps og gera hana aðgengilega fyrir notendur auk þess að taka fyrir álitamál sem varða skráningu. Ráðið vann að handbókinni á árinu og nú hafa tveir fyrstu kaflar hennar, kafla 5. Munaskrá og kafla 7 Myndaskrá verið gerðir aðgengilegir á þjónustuvef félagsins á slóðinni <https://www.landskerfi.is/leidbeiningar/sarpur/skraningarhandbok-sarps>. Innskráningar er krafist svo hægt sé að skoða skráningarhandbókina en allir starfsmenn aðildarsafna Sarps geta stofnað aðgang á þjónustuvefinn.

Ráðið hélt tvo fundi á árinu 2015 en fundarhlé var á síðari hluta ársins. Það tók síðan aftur til starfa af fullum krafti í upphafi 2016.

Í ráðinu sitja nú Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lís Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Inga Lára Baldvinsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Sigrún Ásta Jónsdóttir frá Byggðasafni Reykjanesbæjar og tók hún við af Huldu Björk Þorkelsdóttur sem lét af störfum á árinu, Steinar Örn Atlason frá Listasafni Íslands.

Heimasíða ráðsins er: <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/samstarfsadilar/skraningarrad>

### **Notendapjónusta – námskeið – miðlun upplýsinga**

Þjónustuborð Landskerfis bókasafna tekur við beiðnum um notendapjónustu vegna Sarps og leysir úr þeim eða vísar þeim áfram til fagstjóra allt eftir eðli erindanna. Upplýsingamiðlun til notenda fer fram á póstlista Sarpsnotenda sem fagstjóri heldur utan um. Önnur leið til miðlunar upplýsinga er í gegnum nýja Youtube rás <https://www.youtube.com/user/landskerfiogsarpur> en þar er einkum að finna myndbönd sem útskýra nýjungar í Sarpi, á [sarpur.is](http://sarpur.is) eða [safnagattinni.leitir.is](http://safnagattinni.leitir.is).

Á árinu 2015 var haldið skráningarnámskeið og listmunaskráningarnámskeið á vorönn. Ekki reyndist unnt að standa fyrir námskeiðum á haustönn að þessu sinni. Starfsmenn Landskerfis bókasafna sem héldu námskeið á Blönduósi, Akureyri og Ísafirði fyrir bókasöfn fóru þó stuttlega yfir helstu aðgerðir í Sarpi og reyndu að liðsinna aðildarsöfnum Sarps á staðnum eins og kostur var á meðan á heimsóknum stóð.

### **Fjöldi notenda – nýjir notendur - umfang gagnasafnsins**

Á árinu bættust Heimilisiðnaðarsafnið, Smámunasafn Sverris Hermannsonar og Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja í hóp aðildarsafna Sarps. Fræðasafn skáta Úlfjótsvatni og áður nefnt Smámunasafn Sverris Hermannsonar sögðu upp samingum sínum um aðild. Greiðendur á árinu voru 52 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu og 14 með samstarfsaðild.

Á árinu var haldið áfram að skoða möguleika þess að halda sameiginlegri þróun húsaskrár Sarps áfram í samvinnu við Minjastofnun Íslands, með það að leiðarljósi að hún verði vettvangur fyrir skráningu húsakannana. Fýsilegt væri að tengja færslur í húsa- og fornleifaskrá við vefsíðu sem Minjastofnun hefur komið á laggirnar. Tæknilega séð virðist ekkert vera því til fyrirstöðu að gera viðeigandi breytingar á Sarpi, að lokinni nánari þarfagreiningu. Endanleg ákvörðun liggur ekki enn fyrir, en ljóst að tækifæri felast í því að minjavarslan í landinu vinni í sameiginlegu kerfi.

Í lok ársins 2015 voru 167 notendur með aðgang að innri vef Sarps. Þetta er heldur lægri tala en í lok árs 2014 og er skýringin sú að á árinu var aðgangur notenda sem ekki höfðu skráð sig inn í kerfið í meira en ár gerður óvirkur. Um 77% þeirra voru með kerfisadgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum í Sarpi (*B – breytinga- og skráningaraðgangur*), 11% notenda voru með aðgang sem gerir kleift að lesa og skrá færslur (*S – skráningaraðgangur*) og 12% notenda voru einungis með lesaðgang að kerfinu (*L – lesaðgangur*). Stór hluti skráðra notenda eða um 83% er því með skráningaraðgang að Sarpi.

Gagnamagn í Sarpi í lok júlí 2015 var lagt til grundvallar gagnamagnsviðmiði í gjaldskrá ársins 2016. Ekki tókst að afla nýrra upplýsinga um ársverk á söfnum í tíma og því var brugðið á það ráð að styðjast við sama ársverkfjölda og í gjaldskrá 2014. Viðskiptavinum var tilkynnt um þessa ákvörðun stjórnar fyrirfram og þeim gefinn kostur á að gera við þetta athugasemdir. Yfirlit um gagnamagn aðildarsafna í lok júlí 2015 er að finna í gjaldskrá RS 2016, sjá töflu 1.

Í Sarpi voru 1.584.225 færslur skráðar 5. maí 2016. Á sama tíma voru 1.206.271 færslur birtar á [sarpur.is](http://sarpur.is). Þar af voru 1.187.636 færslur aðgengilegar í gegnum [leitir.is](http://leitir.is), færslur þar eru færri en á [sarpur.is](http://sarpur.is) þar sem ekki eru birtar færslur úr listamunaskrá vegna óvissu tengdri höfundarréttarmálum.

## Lokaorð

Árið 2015 fól í sér áskoranir í starfsemi Rekstrarfélags Sarps eins og rakið hefur verið hér á undan. Samstarf við Landskerfi bókasafna hefur verið treyst og nýr aðili tekið við þróun og viðhaldi kefisins. Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Sérstaklega er Þorvaldi Böðvarssyni færðar þakkir fyrir gott starf í þágu félagsins um árabíl. Jafnframt vill hún færa starfsmönnum félagsins, Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Sigurði Trausta Traustasyni fagstjóra og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna þakkir fyrir ánægjulegt og árangursríkt starf. Sarpur hefur treyst sig í sessi, ekki eingöngu sem öflugt vinnutæki til skráninga og rannsókna á safnkosti, heldur einnig sem mikilvæg leið til miðlunar. Það faglega starf sem unnið er í og við Sarp, af hálfu þeirra sem starfa beint við reksturinn, koma að skráningarráði eða starfshópum, eða bæta inn gögnum, er lykillinn að framúrskarandi árangri og styrkir stoðir áframhaldandi uppbyggingar.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Anna Lísá Rúnarsdóttir, formaður  
Dagný Heiðdal, gjaldkeri  
Haraldur Þór Egilsson, ritari